

Starfsgreinaráð	Upplýsinga-og fjölmiðlagreina
Starfsheiti	Bókband
Dagsetning	9. mars 2021
Útgáfunúmer	0.1

Starfalýsing:

Verkefni bókbindara felast í stjórnun þess vélakosts sem notaður er til þess að ganga frá prentgripum. Vélakosturinn telur brotvélar, skurðarvélar, heftivélar, fræsara, gyllingarvélar, saumavélar og aðrar vélar sem skera, binda og brjóta bækur. Verkefnin krefjast ítarlegrar þekkingar á vinnuferli bókbands; handverki, vélbúnaði, efnisfræði, iðntölvum og vélalínunum sem notaðar eru á bókbandsverkstæðum. Bókband er að þessu leyti fyrst og fremst stjórnun véla á verkstæðum og innan prentsmiðja.

Hæfnikröfur:

Stillir og brýtur 8 til 32 bls. bókabrot
Grunnnámskeið í vélfræði (almennt viðhald á vélum)
Framkvæmir opnu-, velti- og harmonikkubrot
Hefur vald á að nota iðntölvu til stillingar
Beinskeri: Setur inn skurðarprógram og sker
Beitir réttum aðferðum við skipti á skurðarblöðum
Býr yfir kunnáttu til að meta gæði afurðar
Prískeri: Setur inn skurðarprógram og sker
Beitir réttum aðferðum við skipti á skurðarblöðum
Býr yfir kunnáttu til búa til skurðarklossa
Stillir heftivél
Þekkir milliskurð
Þekkir hvernig fræsari vinnur
Þekkir grunneiningar fræsilínu
Býr yfir kunnáttu til að skipuleggja vinnu við fræsilínu
Þekkir hvernig bókalína vinnur
Setur upp klisju og gyllt á bindi
Keyrir gyllingarvél
Þekkir samspil efna og fólía
Setur upp bindi í höndunum
Þekkir hvernig saumavél vinnur
Býr yfir kunnáttu til að skipuleggja vinnu við saumavél
Þekkir mismunandi saumspor
Gyllir kjöl í höndum

Framkvæmir; sauma í höndum, spjaldað í grunnfals, lokafrágang við grunnfals
Gyllir kjöl í gyllingarvél
Tileinkar sér verkkunnáttu til að vinna sjálfstætt
Sýnir fagmennsku og siðferðisvitund og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins.
Þekkir og fer eftir lögum og reglugerðum tengdum faginu, s.s. reglum um höfundarrétt og vinnuvernd, ásamt því að vinna að heilindum og viðhafa trúnað gagnvart viðskiptavinum.
Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi, við efnisval tengt prentiðnaði og pappír.
Kann rétt viðbrögð við neyðaraðstæður og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir mikilvægi öryggisvarna, helstu orsakir vinnuslysa og þær reglur sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.